

## Ágætu aðalfundar fulltrúar og gestir!

Starfsemi Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði var með svipuðu sniði árið 2012 og undanfarin ár. Við sinntum sameiginlegum hagsmunamálum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þar með talið samskiptum við innlenda hagsmunaaðila og við alþjóðleg hagsmunasamtök í mjólkuriðnaði. Aðrir starfsþættir SAM voru rekstur mjólkureftirlits og rannsóknarstofu sem sinntu efna- og gerlamælingum í mjólk.

Árið 2013 verður ár breytinga nýrra spurninga og nýrra verkefna. Árið er kosningarár og ný ríkisstjórn tekur við völdum í vor, hverjir sem þar fara með völd, þá er það stórt verkefni að móta framtíðarstefnu vissu og öryggi í málefnum landbúnaðarins og ekki síst mjólkuriðnaðarins. Kúabændur þurfa að búa við rekstraröryggi. Það er full ástæða til að þakka núverandi stjórnvöldum og ekki síst Landbúnaðarráðherrunum eða Atvinnuvega og Nýsköpunarráðherrunum eins og nafn ráðuneytisins er nú þeim Steingrími J. Sigfússyni og áður Jóni Bjarnasyni gott samstarf. Jafnframt Alþingi og atvinnuveganefnd þingsins og starfsmönnum ekki síst Atvinnuvegaráðuneytisins margvíslegt samstarf og leiðsögn í ýmsum málefnum sem snúa að mjólkuriðnaðinum. Ég vil sérstaklega þakka Steingrími J. Sigfússyni hvernig hann í tvígang og nú síðast 2012 framlengdi búvörusamning við Bændasamtökin um mjólkina ásamt þáverandi fjármálaráðherra Oddnýju Harðardóttur til ársins 2016. Þetta var gríðarlega mikilvægt við þær aðstæður sem nú ríkja í fjármálum ríkisins. Mikilvægt fyrir bændur en ekkert síður neytendur.

Þetta segir okkur samt það að framundan þurfum við að undirbúa okkur undir nýjan og endurskoðaðan búvörusamning á þessu kjörtímabili við nýja ríkisstjórn. Mörg atriði í núverandi samningi þurfa endurskoðunarvið, til að treysta búavöruframleiðsluna. Það er meiri samstaða um það á ný að matvælaframleiðslan og landbúnaðurinn séu landi og þjóð lífsakkeri. Við bindum eðlilega vonir við það að mestu ógn landbúnaðarins aðildarumsókninni að ESB verði sett til hliðar og viðræðum hætt sem fyrst eftir kosningar. Það er enginn spurning að margt hefur gengið landbúnaðinum til hagsbóta og þjóðinni eftir hið

mikla efnahagslega áfall 2008 en betur má ef duga skal. Mjólkuriðnaðinum hefur af mörgum ástæðum verið mörkuð sérstök staða innan atvinnulífsins sem er honum mjög mikilvæg.

## **Opinber verðlagning og tollvernd**

Þar á ég við hina opinberuverðlagningu og tollverndina. Samstarf okkar með stjórnvöldum og ekki síst launþegahreyfingunni gegnum verðlagsmál og opinbera verðlagningu eru meiri undirstöður bæði fyrir bændur og ekki síður neytendur mjólkurvaranna um allt land en jafnan er viðurkennt. Ennfremur undirstaða mögulegrar samkeppni milli stærri og smærri verslana eins og fram hefur komið í könnunum.

## **Hvað myndi gerast ef opinber verðlagning legðist af ?**

1. Mjólkuriðnaðurinn færi undir samkeppnislög
2. Tollverndin yrði í uppnámi frá fyrsta degi

Við getum velt þeirri spurningu fyrir okkur hverjar yrðu aðstæður mjólkuriðnaðarins færi hann undir Samkeppnisyfirvöld? Það myndi raska félagslegri stöðu bænda,verðlagi á mikilvægustu vörum heimilanna ekki síst á milli landshluta. Og hafa þær afleiðingar að tollverndin væri komin í mikla hættu að henni myndi steðja á ný ófriður. Tollverndin er án nokkurs efa mikilvægasta vörn kúabænda í dag til að geta haldið ótrauðir áfram. Tollvernd og kvótar eru ekki bara íslenskt fyrirbæri það er Evrópskt og alþjóðlegt. Samningar í WTO hafa ekki verið í frosti í tíu ár af því að Íslendingar og svokallaðar G-9 þjóðir hafi stöðvað þá. Nei það eru stærri þjóðir sem þar ráða ferðinni. Opinber verðlagning og tollvernd eru því að mörgu leiti systur sem eru íslenskum landbúnaði og landbúnaðarvörum mikilvægar, neytendum og bændum, ef annarri er fórnað eru báðar farnar. Því er það mikilvægt að setja þessi rök fram af festu tala varlega og haga sér skynsamlega.

Ég hef í mínu starfi lagt á það áherslu að eiga gott samstarf við sem flesta og ekki síst almannahreyfingar fólksins bæði launþegahreyfinguna og atvinnulífið.

Stjórnámálamenn allra flokka. Ég neita því ekki að það hefur þurft að svara fullum hálsi einum og einum manni sem hefur þá stöðu að vera opinber talsmaður og álitsgjafi sem oftast leggst gegn landbúnaðinum með sleggjudómum og fer rangt með og beitir fullyrðingum sem ekki eiga við rök að styðjast. Því miður hafa þessir menn verið dregnir aftur og aftur fram í fjölmiðlum sem þeir sem telja sig vita og hafa oftast setið í háu sæti fræðimannsins.

Við höfum verið í samstarfi við Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneytið og Utanríkisráðuneytið um endurskoðun á innflutningskvótum milli Íslands og ESB. Þar höfum við lagt áherslu á skyr. Bændasamtökin og Landssamband Sauðfjárbænda á lambakjöt. Þessi endurskoðun er regluleg á tveggja ára fresti en gengur nú fremur hægt sem stafar af mörgum ástæðum ein þeirra getur verið aðildarumsóknin að ESB önnur þeir erfiðleikar sem ESB glímir við í sínum löndum. Engum þarf að detta í hug að samningar náist nema það sé hagstætt báðum aðilum. Við höfum lagt mikla áherslu á að samningar verði ekki síst að taka mið af mannfjölda á Íslandi miðað við ESB. Á síðasta fundi fannst okkur að gæti styðst í tillögugerð af beggja hálfu og þá reynir á. Auðvitað mun þetta fyrir rest snúa að íslenskum landbúnaði sem slíkum. Ég tel að við búum við einn mikinn veikleika hann snýr að nautakjöti, þótt við eigum ágæta nautakjötsbændur bæði meðal kúabænda og ennfremur bændur sem eru utan mjólkurframleiðslunnar þá verður að sinna þessum markaði af meiri alvöru, þar liggja tækifæri fyrir bændur. Auðvitað verður nautið að gera í blóðið sitt. Sannleikurinn er sá að við Íslendingar veljum íslenskt hvort það eru mjólkurvörur kjöt eða grænmeti framyfir innfluttar vörur.

Á árinu hefur verið áberandi á fundum stjórnar umræða um bættu ásýnd og að komu að fjósum. Og gerðum við mikla gangskör í að taka út aðkomu að öllum bæjum til að bæta hlöð svo hægt væri að laga aðkomu mjólkurbílsins. Kristófer Sverrisson á Blönduósi vann úttektina og kom heim á hvern einasta bæ þar sem mjólk er framleidd. Þetta er gert til að auka öryggisatriði fyrir alla aðila til að forða slysum og spara tíma og peninga. Mjólkurbílarnir hafa stækkað og í mjólkurflutningunum hafa með hagræðingu sparast miklir peningar. Við leggjum áherslu á samstarf við bændur í þessu efni og er Jón K. Baldursson nú með þetta verkefni á sinni könnu.

Staða mjólkureftirlitsins hefur verið og er á dagskrá. Ennfremur áföll hjá kúabændum sem hafa verið sviptir söluleyfis á mjólk tímabundið. Það varð mjólkuriðnaðinum og kúabændum mikið og alvarlegt sjokk þegar MAST birti skýrslu og þær voru afhentar fréttamönnum og komu í sjónvarpi þar á meðal ljótar myndir þar sem dýravernd var ábótavant. Kannski er þetta brot af nútímanum en engu að síður sérstakur veruleiki sem skaðar hina níutíu og níu réttlátu sem leggja mikið á sig til að fara vel með sitt búfé og framleiða úrvalsvöru. Við höfum talið samstarf um leiðbeiningar og ráðgjöf mikilvægt atriði það þekki ég sem mjólkureftirlitsmaður um langa hríð þennan þátt þekkja dýralæknar einnig. Því er nú mikilvægt bæði innan okkar raða og með MAST að marka skýra stefnu um vinnubrögð og samstarf sem forðar slysum og tekur þá veiku úr umferð og eða beinir þeim í tíma inná réttar brautir. Ég þekki það úr mínu fyrra starfi og sem einstaklingur að stundum fer eitthvað úrskeiðis í lífi fólks, þá er mikilvægt að grípa í taumana strax. Ég minnst þess að öll ár mín sem landbúnaðarráðherra var ég með í gangi verkefni sem hét fegurri sveitir. Ásýndin skiptir máli svo ekki sé talað um aðbúnaður og meðferð dýranna. Við höfum rætt um að mikilvægt sé að mjólkureftirlitsmennirnir kæmu helst árlega á hvern bæ. Þær hugmyndir að eiga eftir slíkar heimsóknir sterka mynd um allar aðstæður. Að við flokkuðum býlin í þrjá flokka grænir gulir og rauðir. Semsé fyrirmyndar búskapur, búskapur sem þarf að taka á og búskapur sem er að færast á varasamt stig. Að geta tekið strax þá veiku í gjörgæslu og gert með þeim aðgerðaáætlun væri mikilvægt allra hluta vegna. Þar væri auðvelt að auka samstarf SAM og MAST og styðja þannig bóndann til lagfærslu á aðstöðunni á sínu búi.

Í gegnum fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins höfum við styrkt sérstaklega tvö mikilvæg verkefni í þágu lands og lýðs. Annarsvegar Íþróttakennarafélag Íslands en íþróttakennarar klæðast fötum merktir á bak og brjóst. „Mjólk er góð,“ Sem er mikilvæg viðurkenning af þeirra hálfu á mjólk og mjólkurvörum sem hollustuvörum. Enn fremur er útrunninn samningur við Beinvernd um mikilvægi mjólkur og mjólkurvara til að byggja upp beinabanka líkamans. Enn læknar og manneldisfræðingar hafa viðurkennt um langa hríð að mjólkín og mjólkurvörurnar séu besti kalkgjafinn sem við eigum völ á. Ennfremur hvað æskunni eru þessar vörur mikilvægar fram að tvítugu og mjólk eigi að drekka í

gegnum allt lífið. Beinvernd og við í SAM erum farin að hugsa um hverjar áherslur eigi að vera í nýjum samningi. Mér óar við allri sykurneyslunni og gospambinu sem að hér viðgengst. Ennfremur hvað mjólkurneyslan sjálf hefur dregist saman hjá börnum og unglíngum. Þar kann að liggja alvarlegt heilbrigðisvandamál þegar á öldina líður. Við þurfum ekki að vera feimnir að leita nýrra leiða og samstarfs við fleiri um að koma þessari mikilvægu þekkingu okkar færustu sérfræðinga á framfæri. Það eigum við að skoða vel með Beinvernd í skólum með íþróttahreyfingunni foreldrum og öllum almenningi. Hamingjan byggir á því að beinagrindin í okkur beinin 206 talsins séu traust og beri manninn vel uppi frá vöggu til grafar.

SAM er aðili að Samtökum Iðnaðarins í gegnum Samtök mjólkur og kjötvinnslufyrirtækja. Á þessum vettvangi höfum við gert hinn stóra mjólkuriðnað með kjötvinnslufyrirtækjunum sterkari eigum nú samstöðu með Iðnaðinum á flestum sviðum. Við notum nú þennan vettvang mjög til að koma athugasemdum á framfæri leita upplýsinga og aðstoðar í erfiðum málum. Á síðasta ári unnum við í SAM og SMK og Iðnaðinum merka skýrslu um vernd vöruheita og notkun upprunavottorða á vörum. Skýrslan var kynnt á morgunverðarfundum í september s.l. hana vann Einar Karl Haraldsson og hefur nú í framhaldinu Atvinnu og Nýsköpunarráðherra skipað starfshóp til að fara enn betur yfir þessi mál með lagasetningu í huga um vernd vöruheita.

Hvað varðar erlend samskipti á okkar vegum bæði alþjóðleg samtök og á norðurlandavettvangi hefur Bjarni R Brynjólfsson haldið utan um þann mikilvæga vettvang SAM. Þar hafa einnig fulltrúar frá MS og Landssambandi Kúabænda svo og dýralæknar komið að. SAM er aðili að norrænu samstarfi mjólkuriðnaðarsamtaka og fyrirtækja um mjólkureftirlit og mjólkurgæði. Ársfundur þessara samtaka var haldin hér síðasta ár að hóteli GLYM í Hvalfirði, þetta samstarf með erlendum þjóðum er okkur gríðarlega mikilvægt uppá framtíðina að gera.

Ég vil ennfremur skýra ykkur frá því að Landssamtök Sauðfjorbænda óskuðu eftir því að ég tæki að mér forystu í fjársöfnun vegna hamfaraveðursins 10. og 11. sept s.l. sem gekk yfir Norðurland og hátt í tíu þúsund fjár fórust. Formaður SAM féllst á þessa beiðni þeirra en ég hafði áður komið að söfnun vegna Grímsvatnagossins. Frá því er að segja að fast að fjörutíu milljónir söfnuðust í framlögum frá fyrirtækjum samtökum og einstaklingum. Þessari upphæð var markaður sá farvegur að styrkja og hjálpa til að byggja upp hjörðina á ný. Bjargráðasjóður greiddi ellefu þúsund krónur á fullorðna fallna sauðkind við bættum tíu þúsund krónum við þessa upphæð. Enn fann ég í mínum störfum hvað hugur þjóðarinnar er sterkur og við eigum eina þjóðarsál við slíkar aðstæður. Ég þakka fyrir að hafa mátt starfa að þessu mikla verkefni og verða enn að liði í hjálparstarfi.

Ágætu fulltrúar og gestir enn er ég sannfærður um mikilvægi landbúnaðarins fyrir íslenska þjóð og matvælaöryggi landsins. Við þurfum og eigum að halda vel utan um góða málefnastöðu mjólkuriðnaðarins og landbúnaðarins í heild. Ferill vörunnar frá haga í maga á borð fjölskyldunnar er merkilegur og áhugaverður meðal neytenda. Bændurnir og sveitin má aldrei gleyma því að kynningin og að þéttbýlisbúinn finni sig velkominn í sveitina. Hér í Mjólkursamsöluna er ævintýri að fylgjast með skóladögum og þeim herskara af börnum sem hingað koma ár hvert. Hinsvegar finnum við að skortur er á þekkingu á aðstæðum bóndans en jafnframt mikill áhugi að kynna þeirri hlið. Það býr nefnilega bóndi eða sveitamaður í flestum.

Ég vil að lokum þakka stjórn og samstarfsmönnum mínum í mjólkuriðnaðinum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Bændum og búaliði óska ég til hamingju með mjólkuriðnaðinn yfir honum er gæfa og hefur svo verið frá stofnun Mjólkursamsölnnar 1935. Samvinnan á sér merka sögu í gegnum þetta starf og hún á það samvinnan um heim allan. Gott ef síðasta ár var ekki ár samvinnunnar í heiminum, helgað samvinnustarfi. Bestu þakkir, gangi ykkur og íslenskri þjóð sem best á þessu ári og um framtíð alla.